

um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 37 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Samábyrgðin tekst á hendur:

- a. Endurtryggingu á skipum, sem frumtryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögum.
- b. Aðrar endurtryggingar fyrir bátaábyrgðarfélög.
- c. Frumtryggingu á skipum, sem ekki eru skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögum.
- d. Frumtryggingu á skipum, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út eða sjá um útgerð á. Skylt er að váttryggja hjá Samábyrgðinni öll skip, sem ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, þó svo, að tryggingakjörin séu ekki lakari en hjá öðrum tryggingafélögum að dómi ríkisstjórnarinnar.
- e. Allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysa- og ábyrgðartryggingar sjómanna. Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar.
- f. Bráðafúatryggingu á tréskipum.

Samábyrgðin skal hafa eftirlit með starfsemi bátaábyrgðarfélaganna og vera þeim til ráðuneytis um rekstur.

3. gr. hljóðar svo:

Í stjórn Samábyrgðarinnar eru fimm menn og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar þrjú menn í stjórn, einn án tilnefningar og tvo eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna. Á sama hátt skipar ráðherra þrjú varamenn í varastjórn. Bátaábyrgðarfélögin kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara, sbr. 6. gr. Skipunar-tími stjórnarinnar er fjögur ár.

Ef stjórnarmaður forfallast, skal varamaður, tilnefndur af sama aðila, taka sæti hans. Skal annaðhvort aðalmaður eða varamaður vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni.

Stjórnin velur sér formann og varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, en hún greiðist af Samábyrgðinni.

9. gr. hljóðar svo:

Hafi skip eigi fengið haffærisskirteini endurnýjað, er heimilt að fella það úr tryggingu, eftir að tvö ár eru liðin, frá því að haffærisskirteinið rann út. Fái skipið haffærisskirteini að nýju, skal það tekið í tryggingu að nýju að lokinni fúaskoðun. Þegar svo stendur á, skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

Súðbyrt skip er eigi skylt að váttryggja gegn bráðafúa.

12. gr. hljóðar svo:

Váttryggingarfjárhæðir skipa fara eftir mati, sem framkvæmt er af tveimur matsmönnum, er Samábyrgðin skipar. Matsmenn þessir skulu enn fremur fylgjast með, hvort um fúaskemmdir sé að ræða í hinum tryggðu skipum. Matsmennirnir skulu við matið og fúaskoðunina fara eftir þeim reglum, sem stjórn Samábyrgðarinnar setur, en stjórnin skal hafa samráð við Skipaskoðun ríkisins, að því er varðar reglurnar um fúaskoðun skipanna.

13. gr. hljóðar svo:

Komi í ljós við skoðun vegna bráðafúa, að ekki sé um bráðafúaskemmdir að ræða, skiptist kostnaður vegna skoðunar að jöfnu milli Samábyrgðar og eiganda.

15. gr. hljóðar svo:

Ráðherra ákveður iðgjöld í samráði við Samábyrgðina, og skulu þau ákveðin árlega.

Iðgjöldin falla í gjalddaga, þegar tryggingin gengur í gildi, og síðan 1. janúar ár hvert.